

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna Vaðfitjanámu, nýs efnistökusvæðis.

Skipulagsstofnun staðfesti 9. febrúar 2026 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. desember 2025.

Í breytingunni felst nýtt 11 ha efnistökusvæði E125 með áætlaðri efnistöku allt að 80.000 m³. Samhliða minnkar iðnaðarsvæði I25 og nafni þess er breytt í Vaðölduver í stað Búrfellslundar en þar er auk þess heimiluð lagning vinnuvega innan svæðis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 9. febrúar 2026.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 23. febrúar 2026